

Kveðja: Hólmgeir Jensson, Þórustöðum

Í dag er Hólmgeir Jensson á Þórustöðum í Öndarfirði borinn til hinztu hvíldar.

Þar kveðja Öndarfirðingar síðasta manninn úr hópi þeirra, sem mótuðu félagslíf og menningu sveitarinnar fyrir aldamót. Það voru menn, sem hófu nýjan þátt í sögu byggðarinnar, vígðan félagshyggju og samvinnu. Þeir fluttu með sér nýja verklega menningu og trúðu á bóklestur og skólalöngu. Þar var Hólmgeir Jensson fremstur í flokki.

Þar er hann kvaddur bjartsýnismaðurinn og fegurðardáandinn, sem var óvenju skyggn á fegurð lífsins, trúði á vaxtarmáttinn og gróskuna og naut þess jafnan að benda öðrum á undir fegurðarinnar og vaxtarlög málsins.

Þar er hann kvaddur öldungurinn hálftræði, sem aldrei eltist frá hugsjónum sínum og meira en níræður hafði forgöngu um það, að komið yrði upp skróðgarði við skóla sveitarinnar og stefnt að því að síðar yrði lystigarður á hverjum bæ. Slík var trú hans á ræktun og gróður og uppeldisgildi þeirra.

Þar er kvaddur maður, sem lifði óvenjulega langa ævi og óvenjulega fagra elli, vegna þess að hann sneri huga sínum frá ásteytingarsteinum hversdagsleikans en gladdist í þeim fögnuði, sem trúin á lífið og sigur þess gefur. Sannfærður um framhald lífsins og ódauðleikann var hann áhugasamur um jarðlífið, því að hann skynjaði mikilvægi þess sem hluta af eilífðinni.

Í dag er kvaddur hugsjónamaðurinn, brautryðjandinn, barnavinurinn, sem í hárrí elli vissi þá tign mesta að vera starfandi þjónn lífsins.


Guði sé lof fyrir liðinn dag.

H. Kr.

Hinn 1. desember síðastliðinn andaðist að heimili sínu, Þórustöðum í Mosvallahreppi í Öndarfirði, öldungurinn Hólmgeir Jensson, fyrrum bóndi og dýralæknir, nær 96 ára að aldri.

Hólmgeir var fæddur á Kaldá í Öndarfirði 13. janúar 1866. Þar bjuggu þá foreldrar hans, en fluttust skömmu síðar að Tungu í sömu sveit.

Jens, faðir Hólmgeirs, var sonur Jóhannesar bónda á Vífilsmýrum í Öndarfirði, Jónssonar á Efstabóli, Ásmundssonar í Hjarðardal



innri. Móðir Jens var Guðrún, dóttir Jóns bónda á Kirkjubóli í Korpu dal, Oddssonar og Sigríðar Hákonardóttur bónda á Arnarnesi í Dýrafirði, Bárðarsonar.

Móðir Hólmgeirs, Þorkatla, var dóttir Bjarna bónda í Tungu í Öndarfirði, Jónssonar á Galti í Súgandafirði og konu hans Herðísar Narfadóttur, sem ættuð var frá Ísa fjarðardjúpi.

Þótt hér verði ekki lengra rakið, er óhætt að fullyrða, að forfeður Hólmgeirs og formæður voru vestfirzkt kjarnafólk. Er sá ættbálkur fjölmennur og þar í margt manna, sem verið hafa gæddir skapfestu og þreki til líkama og sálar.

Hólmgeir ólst upp í Tungu með foreldrum sínum. Bjuggu þau við ómegð mikla, en komust þó furðanlega af. Alls eignuðust þau Tunguhjón 13 börn, en sum dóu ung. Má því geta nærri, að snemma hafa þau börnin, sem lífs varð auðið, orðið að taka til hendi. Var og Hólmgeir aðeins 8 ára, er faðir hans andaðist. Stóð þá Þorkatla, móðir hans, ein uppi með allan barnahópinn. Var hið elzta 18 ára en hið yngsta fæddist ekki fyrr en eftir lát föður síns.

Þorkatla í Tungu hélt áfram búskap með styrk barna sinna. Urðu þau að leggja sig öll fram, eftir því sem þeim óx þroski. En Þorkatla var dugmikil kona og börnin reyndust vel verki farin og ráðdeildar söm. Allt bjargaðist því af.

Snemma mun þess hafa séð glöggan vott, að Hólmgeir var bókheigður og námfús. En þar eð heimilisástæður voru næsta öröugar og móðir hans, fátæk ekkja, barðist í bókum með stóran barna

hóp, virtust flest sund lokuð í þeim efnum. Hólmgeir dvaldist því heima og vann búinu meðan nauðsyn krafði, en hafði þó fullan hug á að svala menntaþrá sinni, þegar aðstæður leyfðu.

Þegar Hólmgeir var tuttugu og þriggja ára að aldri hafði honum með ráðdeild og sparsemi tekizt að afla sér lítils háttar fjármuna. Um þær mundir var vegur Ólafsdalsskóla hvað mestur, og fór orð af því hve þroskavænlegt var ungum mönnum að dveljast þar undir handleiðslu Torfa bónda og skólalæknis. Þangað hélt Hólmgeir, og hafði sem vænta mátti ærin not vistarinnar. Í Ólafsdal nam hann ekki aðeins búfræði, heldur mótaðist hann þar og af félagshyggju og eflidist að framfarahug.

Búfræðingsprófi lauk hann 1891, stundaði síðan jarðabótavinnu í Múlasveit á sumrin en barnakennslu á vetrum. Heim til Öndarfarfjardar hélt hann 1893. Næsta vetur gekkst hann fyrir stofnun félagskappar í sveit sinni, er starfa skyldi að ýmsum framfara- og menningarmálum. Voru það ungir bændur og bændasynir, sem hann fékk til liðs við sig í þessari viðleitni, sem þá bötti óneitanlega nokkur nýbreytni í sveitinni. Félag þetta, sem hét Bændafélagið Vonin, hafði veruleg áhrif til vakningar og eflingar félagsanda í Öndarfirði. Félagið hélt lengi úti handskrifðu blaði, sem gekk um sveitina og birtu pistla og hugvekjur um margvísleg efni. Félaginu varð langlífis auðið, og mun hafa starfað allt fram á síðustu ár, þó að raunar færi

svo, er fram liðu stundir, að önnur samtök, búnaðarfélag og ungmenntafélag, tækju upp á arma sína ýmis af þeim verkefnum, sem „Vonin“ hafði áður vakið máls á og beitt sér fyrir.

Sumarið 1895 sigldi Hólmgeir til Noregs og dvaldist þar um skeið og lagði stund á dýralækningar. Var þá hinn mesti skortur hér á mönnum, sem kunnu til þess starfa. Að vísu hafði Hólmgeir ekki tök á að helga sig löngu námi. Kom hann heim eftir ársdvöl ytra, en hafði notað tímann vel.

Hinn 3. október 1896 gekk Hólmgeir að eiga Sigríði Halldórsdóttur frá Vöðlum, efnisstúlku af göðu fólki, sem reyndist og myndarleg húsfreyja. Foreldrar henna rvoru Halldór smiður og bóndi Bernharðsson og kona hans Elín Jónsdóttir.

Hólmgeir og Sigríður reistu bú á Vöðlum, bjuggu síðan um skeið í Tungu í Firði, en síðast og lengst á Þórustöðum, eða frá 1909 til 1931, er þau slepptu jörð og búi við Elínu dóttur sína og Jón Jónsson mann hennar.

Hólmgeir reyndist farsæll bóndi. Var bú hans snyrtilegt og notaðrjúgt, þótt aldrei yrði það stórt. Oft var Hólmgeir þó fjarri heimili sínu í dýralækningaferðum, en þær stundaði hann um 40 ára skeið. Var hann stundum sóttur í fjarlæg héruð, og kom þá ekki heim svo að dögum skipti. Mun hiklaust mega fullyrða, að leiðbeiningar Hólmgeirs og lækningastörf hafi oft komið bændum vestra að göðu liði.

Hólmgeir var frumkvöðull í sveit sinni um ýmsar nýjungar í búskap. Skál þess hér sérstaklega getið, að hann var fyrstur bónda í Öndarfirði til að gera sér votheysgryfju, og átti ríkan þátt í að votheysverkun ruddi sér mjög til rúms þar vestra. Mun hún nú óvliða á landinu meiri né almennari en á þessum og nálægum slóðum.

Eftir að Hólmgeir lét af búskap fluttust þau hjón til Flateyrar. Þar andaðist Sigríður 21. maí 1955. Fór Hólmgeir þá til dóttur sinnar og tengdasonar að Þórustöðum og var þar síðan til æviloka.


Hólmgeir og Sigríður eignuðust fjögur börn. Þau eru: Jens, fulltrúi í Tryggingastofnun ríkisins, Þorbjörg, húsfúri í Reykjavík, Elín, húsfúri á Þórustöðum og Þorkatla, húsfúri á Kringlu í Grímsnesi.

Þegar ég átti síðast tal við Hólmgeir Jensson, var hann kominn fast að níræðu. Hann var þá furðu ern og gat ég ekki annað fundið en sálarkraftarnir væru óskertir. Ef til vill skildi ég aldrei betur en eftir þær viðræður okkar, hve sérstæður og athyglisverður maður Hólmgeir var. Hann hafði auðheyrliga lesið mikið síðari árin, eftir að tómstundirnar urðu nægar. En sá lestur hafði ekki verið til þess eins ætlaður að „drepa tímann“, heldur til að afla nýrrar þekkingar, komast á nýjan sjónarhól, ígrunda rök lífs og dauða. Auðheyrta var, að þessi öldungur hafði lesið allt, sem til varð náð um sálvísindi, guðspeki og spírítisma. Og enn var hann leitandi maður, gersamlega laus við ofstæki þess, sem þykist hafa fundið allan sannleikann og er mest í mun að troða honum upp á aðra. Miklu fremur einkenndist tal hans af víðsýni og umburðarlyndi, löngun til að skyggjast dýpra, kanna fleiri rök.

Mér er tjáð, að þannig hafi Hólmgeir verið allt til hinztu stundar. Yfir hann færðist á efri árum einstök ró og friður, ekki friður sljóleikans, heldur hins lífsreynda, hugsandi manns, sem er sáttur við lífið og tilveruna, þakklátur fyrir allt, sem fyrir hann er gert og horfir geiglaust til þeirrar stundar, þegar hin óhjálkvæmilegu umskipti verða.

Hann trúði því, að þá hæfist einungis nýr áfangi í leitinni að perlu sannleikans.

Gíls Guðmundsson.



Sækoftinn

er ný bók um uppfinningamanninn unga, Tom Swift og vin hans Bud Barclay, sem kunnir eru orðnir af afrekum sínum í áður út komnum bókum um „Ævintýri Tom Swift“. Einn þeirra, Geimstöðin, varð met-sölubók síðastliðið ár.

SÆKOFTINN


er ein þeirra drengjabóka, sem ekki verður lögð frá sér fyrr en hún er fulllesin.

Ný ævintýri kjarnorkualdarinnar heilla alla drengi, sem gaman hafa af viðburðahróðum og spennandi sögum.

Verð kr. 63,00+1,90.

Snarráð

er ný barnabók sem gerist í heimi álfanna. Álfarnir eru yndislega góðar verur. Þeir eru



á sífelldu flögri og hyggja að, hvort lítil dýr eða blóm muni vera í háska stödd eða fuglar, sem eiga bágt. Verði álfarnir varir við einhvern, sem í vanda er staddur reyna þeir að hjálpa þeim. — Þið hafið áreiðanlega gaman af að lesa um öll ævintýrin hennar Snarráðar.

Verð kr. 48,00+1,45.

Kjarnorkukafbáturinn

kemur hér út í annarri útgáfu og er ekki að efa að bókinni verður vel tekið.

Til gamans má geta þess, að þegar bókinn kom fyrst út, var hún uppseld viku fyrir jól, eða sem sagt áður en aðal jólasalan byrjaði. Óhætt er að fullyrða, að fáar söguhetjur hafa náð jafn mikilli og skjótri hylli íslenskra pílta og hinn snjalli, ungi vísindamaður, Tom Swift og vinur han, Bud Barclay.

Verð kr. 63,00+1,90.

BÓKAÚTGÁFAN SNÆFELL

Tjarnarbraut 29, Hafnarfirði. Sími 60738.

Það tilkynnist hér með, að móðir mín, tengdamóðir og amma

Margrét Sigurðardóttir,

Blönduhlíð 11,

lézt að morgni hinn 10. desember.

Jarðarförin auglýst síðar.

Una Pálsdóttir

Sigurjón Elríksson,
og barnabörn.

Fósturmóðir mín

Engilræð Hallgrímsdóttir,

Garðastræti 16,

andaðist í Landsspítalanum aðfaranótt sunnudagsins 10. desember. Sigurbjörg Hannah.

Útför

Hjálmars Halldórssonar,

póst- og símtöðvarsti.

sem andaðist 30. f.m., fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 13. þ.m. kl. 10.30.

Athöfninni verður útvarpað.

Fyrir mína hönd og annarra vandamanna.

Sólveig Magnúsdóttir